



Alþingi
Erindi nr. P 135/2578
komudagur 7. 5. 2008

Reykjavík, 5. maí 2008.

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð þskj. 885, mál nr. 554.

Landssamband veiðifélaga hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar með bréfi dags. 23. apríl 2008.

LV styður heils hugar framkomið frumvarp og gerir ekki athugasemdir við efni þess eða einstakar greinar.

Landssamband veiðifélaga leggur þunga áherslu á að starfsemi Fiskræktarsjóðs verði tryggð, og minnir á mikilvægt framlag hans til rannsóknar og þróunar lax- og silungsveiði á Íslandi.

Nýting lax- og silungsveiði er mikilvæg atvinnugrein í dreifbýli á Íslandi og styður víða við búsetu í sveitum landsins. Staða laxastofna hér er með því besta sem þekktist við Norður-Atlantshaf. Fiskræktarsjóður hefur sinnt mikilvægu hlutverki við að styðja rannsóknir á vistkerfi í íslenskum ám og vötnum. Nú er brýnt að afla upplýsingar um afdrif laxa í sjó.

Sérstaklega á þetta við um stórlaxinn sem hnignað hefur undan farin ár. Í því sambandi hefur Fiskræktarsjóður mikilvægu hlutverki að gegna.

LV mælir því með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson, formaður